


MEGAFIX

Afar öflugt lím á sementsgrunni sem ekki rennur niður með löngum opnum tíma fyrir keramikflísar og stein



FLOKKUN Í SAMRÆMI VIÐ 12004

Megafix er endurbætt (2) misgengisheftandi (T) lím á sementsgrunni (C) með löngum opnum tíma (E) í flokki C2TE.

Megafix er CE-merkt, eins og lýst er yfir í TT-vottorðum n° 25040476/Gi (TUM) og n° 25080239/Gi (TUM) sem gefin eru út af Technische Universität München rannsóknastofunni (Þýskalandi) og í TT-vottorðum n° 1220.12/10/R03 NPU; 1220.14/10/R03 NPU; 1220.11/10/R03 NPU og 1220.13/10/R03 NPU gefnum út af Institute ITB Katowice (Póllandi).

NOTKUNARSVIÐ

Til að líma bæði innanhúss og utan keramikflísar, postulín, steinefni og hvers kyns mósaíkflísar á gólf, veggj og í loft. Hentar einnig til að punktlíma einangrunarefni á borð við þanið pólýstýren, stein- og glerull, Eraclit® (timbur - sementsplötur), hljóðeyðingar/deyfingarplötur o.s. frv.

Nokkur dæmi um notkun:

- Að líma keramikflísar (tvíbrenndar, einbrenndar, ostulín, leirflísar, sambrædda múrsteina), steinefni og mósaíkflísar á eftirfarandi undirlag:
 - Sements- eða múrblönduveggi
 - Loftaða steypumúrveggi inni
 - Gífs eða anhydrít grunnað með **Primer G**
 - Gífsplötur
 - Hitakerfi í gólfi
 - Sementslista sem eru nægilega harðnaðir og þurrir
 - Málaða veggj inni, að því tilskildu að málningin sé nægilega föst
 - Vatnshelda rakasperru í **Mapelastic Zero** eða **Mapegum WPS**
- Flís-á-flís í eldra gólfi.
- Til að líma litlar flísar í sundlaugum og vatnskerjum.
- Til að líma gólf með miklu álagi.

TÆKNILEG EINKENNI

Megafix er grátt eða hvítt duft gert úr sementi og síuðum fylliefnum. Efnið inniheldur mikið af manngerðu resíni og sérstökum íblendiefnum sem búin eru til samkvæmt uppskrift frá rannsóknastofum MAPEI.

Múrblanda með eftirfarandi eiginleikum fæst þegar vatni er blandað út í:

- Auðveld í vinnslu,
- Mjög kvik (tixótrópísk), **Megafix** má bera á láréttan flötán þess að efnið leki eða að flísar renni til, jafnvel þungar flísar. Hægt er að leggja flísar ofan frá og niður án þess að nota sparra.
- Afbragðsgóð líming við öll almenn byggingarefni.
- Harðnar án þess að rýrna merkjanlega.
- Langur opinn tími.

RÁÐLEGGINGAR

Ekki nota Megafix:

- Á steinsteypu þar sem hættu er á mikilli rýrnun.
- Á vegg og gólf sem hreyfast eða titra mikið (timbur, trefjasegment o.s. frv.).
- Á málmundirlag.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Undirlagið undirbúið

Allir fletir verða að vera sléttir, harðir, lausir við allt ryk og salla, fitu, olíur, málningu, bón o.s.frv. Séu fletirnir rakir getur það tafið að **Megafix** harðni.

Sementsfletir ættu ekki að geta rýrnað eftir að keramikflísar hafa verið settar upp og því ætti á vorin og sumrin að láta múrhúðun harðna a.m.k. í eina viku fyrir hvern þykktarsentimetra og sementslistar ættu almennt að harðna í a.m.k. 28 daga nema þeir séu steptir með sérstökum bindiefnum fyrir MAPEI-lista, svo sem **Mapecem VR N**, **Mapecem**, **Mapecem Pronto**, **Topcem** eða **Topcem Pronto**.

Kælið með vatni yfirborðsfleti sem hafa hitnað af geislum sólar. Gifsfletir og anhydrítlistar verða að vera skraufpurir (hám. rakaleif 0,5%), nægilega harðir og án alls salla. Það er algjört lykilatriði að fletirnir hafi verið grunnaðir með **Primer G** eða **Eco Prim T Plus**, en fletir þar sem raki verður mikill skulu grunnaðir með **Primer S**.

Blandan undirbúin

Blandið **Megafix** með hreinu vatni þar til að hræran er kekkjalaus. Látið bíða í um það bil 5 mínútur og hrærið síðan í á ný. Notið 29 - 31 hluta af vatni í hverja 100 hluta samkv. vikt af gráu **Megafix**, sem samsvarar 5,8 til 6,2 lítrum af vatni fyrir hver 20 kg af dufti eða 1,5 lítrum af vatni fyrir hver 5 kg. Notið 30 - 32 hluta í hverja 100 hluta samkv. vikt af hvítu **Megafix**, - sem samsvarar 6,0 til 6,4 lítrum af vatni fyrir hver 20 kíló af dufti. eða 1,5 lítrum af vatni fyrir hver 5 kg. Blandað á þennan hátt hefur **Megafix** um það bil 8 klukkustunda líftíma.

Varan borin á

Megafix er borið á flötinn með tenntum spaða. Veldu spaða sem gerir þér kleift að bera á allan bakflöt flísanna. Byrjaðu á því að bera á þunnt lag af **Megafix** á flötinn með flata spaðaendanum til að tryggja góða límingu. Í beinu framhaldi af því berðu á þá þykkt sem óskað er eftir af **Megafix** með viðeigandi tenntum spaða í samræmi við gerð og stærð flísanna (sjá „Þekja“). Séu keramikflísar settar upp utanhúss á vegg eða gólf á fleti stærri en 900 cm², gólf þar sem mikil þyngsla eru eða í sundlaugum eða kerjum fylltum vatni skal einnig bera límið aftan á flísarnar til þess að tryggja algjöra þekju þess.

Að setja flísarnar upp

Það þarf ekki að væta flísarnar áður en þær eru settar upp. Það er einungis ráðlagt að dýfa flísunum í kalt vatn ef bakhlið þeirra er mjög rykug. Leggja skal flísarnar með góðum þrýstingi til að tryggja góða þekju límsins. Við eðlilegt hita- og rakastig er opinn tími **Megafix** um það bil 30 mínútur. Sé veðurfar óhagstætt (sterkt sólskin, þurrkandi vindur, hátt hitastig o.s.frv.) eða yfirborðið mjög gljúpt getur opni tíminn styst mjög og jafnvel orðið bara nokkrar mínútur. Þess vegna er nauðsynlegt að gæta þess vandlega að ekki myndist skæni á yfirborði efnis sem lagt hefur verið, það ætti að vera ferskt. Ef með þarf má fara með tenntum spaða yfir efnið á ný til að ýfa það upp. Ekki er mælt með því að væta efnið með vatni, hafi skæni myndast, vegna þess að það leysir ekki skænið

upp heldur myndar húð án viðloðunar. Ef með þarf ætti að lagfæra stöðu flísanna innan 60 mínútna eftir lögn. Flísar límdar með **Megafix** má ekki þvo eða láta rigna á í að minnsta kosti einn sólarhring og verja þarf þær gegn frosti og sterku sólskini í a.m.k. 5 - 7 daga.

Punktlímd einangrunarefni

Eigi að punktlíma hljóðeyðingar- eða hljóðdeyfingarplötur skal bera á **Megafix** með spaða eða floti.

FÚGUN OG EINANGRUN

Hægt er að fúga veggjasamskeyti eftir 4 - 8 klst. og fúga má gólfamskeyti eftir 24 klst. með sérstakri MAPEI sements- eða epoxyfúgu sem fæst í ýmsum litum. Þenslusamskeyti skal fúga með sérsökum MAPEI-þéttiefnum.

MÁ GANGA Á

Ganga má á gólfum eftir um það bil 24 klukkustundir.

TILBÚIÐ TIL NOTKUNAR

Fletir eru tilbúnir til notkunar eftir um það bil 14 daga. Hægt er að setja vatn í sundlaugar og ker eftir 21 dag.

HREINSUN

Hreinsa ætti verkfæri og ílát með miklu vatni á meðan **Megafix** er enn ferskt. Hreinsa skal yfirborðsfleti með rökum klút áður en límið þornar.

NOTKUN

Að líma keramikflísar

- Mósaíkflísar og litlar stærðir almennt séð (spaði n. 4): 2 kg/m².
- Venjulegar stærðir (spaði nr. 5): 2,5 - 3 kg/m².
- Stórar stærðir, gólf utanhúss (spaði nr. 6): 5 kg/m².

Punktlímt einangrunarefni

- Frauð o.s. frv. u.þ.b. 0,5 - 0,8 kg/m².
- Gifsplötur, frauðsteypa um það bil 1,5 kg/m².

UMBÚÐIR

Megafix hvítt og grátt er afgreitt í 20 kg pokum og í 4 x 5 kg alupack.

GEYMSLA

Megafix má geyma í 12 mánuði (á við um 20 kg poka) og í 24 mánuði (á við um 5 kg alupack) í upprunalegum umbúðum á þurrum stað.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar www.mapei.no okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

Samkvæmt gildandi viðmiðum:
Evrópsk EN 12004 eins og C2TE - ISO 13007-1 eins og C2TE - Bandarískt ANSI A 118.4-1999

GRUNNUPPLÝSINGAR UM VÖRU

Útlit:	duft
Litur:	hvítt eða grátt
Eðlismassi:	1300 kg/m ³
Purrefnisinnihald:	100 %
EMICODE:	EC1 Plus - mjög lítið útstreymi

UPPLÝSINGAR UM NOTKUN (við +23°C og 50 % loftraka.)

Blöndunarhlutfall:	100 hlutar Megafix grátt með 29 - 31 hlutum vatns miðað við þyngd 100 hlutar Megafix hvítt með 30 - 32 hlutum vatns miðað við þyngd
Þéttleiki blöndu:	mauk
Eðlismassi blöndu:	1500 kg/m ³
Sýrustig (pH) blöndu:	13
Notkunartími:	meira en 8 klukkustundir
Hitastig þegar efnið er notað:	frá +5°C til +40°C
Opinn tími (u.þ.b. EN 1346):	> 30 mínútur
Lagfæringatími:	um það bil 60 mínútur
Tilbúið undir fúgun veggja:	eftir 4 - 8 klukkustundir
Tilbúið undir fúgun gólfa:	eftir 24 klukkustundir
Má ganga á eftir:	24 klukkustundir
Tilbúið til notkunar:	14 dagar

ENDANLEGUR STYRKUR

Víðloðunarstyrkur samkvæmt EN 1348:	
- endanleg víðloðun eftir 28 daga:	1,8 N/mm ²
- víðloðun eftir váhrif hita:	1,7 N/mm ²
- víðloðun eftir dýfingu í vatn:	1,2 N/mm ²
- víðloðun eftir hringrás frosts og þíðu:	1,4 N/mm ²
Víðnám gegn alkálí:	afbragðsgott
Víðnám gegn olíum:	afbragðsgott (slakt gegn jurtaolíum)
Víðnám gegn leysiefnum:	afbragðsgott
Hitastig við notkun:	frá -30°C til +90°C

ATHUGASEMD

Jafnvel þótt tæknilegar upplýsingar og ráðleggingar á tæknigagnablaði þessu séu í samræmi við það sem við vitum best og höfum reynt, skal litið á allar ofangreindar upplýsingar í hverju tilfelli sem leiðbeinandi eingöngu og að staðfesta þurfi þær með notkun til lengri tíma litið. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrir fram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tæknigagnablaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblöðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Mapei AS

Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norge



+47 62 97 20 00



www.mapei.no



post@mapei.no

10213-1-2025-is

Öll eftirprentun texta, mynda og teikninga sem birtar eru hér er bönnuð og gæti varðað lögsókn.

